



## **NOTKUNARLEIÐBEININGAR**

---

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>3</b>
<b>ALGENGAR AÐGERÐIR</b> .....	<b>4</b>
AÐ HRINGJA ÚT .....	4
AÐ TAKA Á MÓTI SÍMTALI .....	5
FLÝTIVAL.....	6
SÍMASKRÁ.....	7
ENDURVAL.....	8
FLYTJA SÍMTAL .....	9
VIÐMÓTI BREYTT .....	10
UPPTAKA SÍMTALA .....	11
SÍMTAL SETT Á BIÐ.....	12
SÍMTAL VEITT / PIKKAÐ UPP .....	12
ÁFRAMSENDI ÖLL SÍMTÖL Á VINNUFÉLAGA .....	12
ÁFRAMSENDI ÖLL SÍMTÖL Í TALHÓLF.....	12
UPPSETNING Á TALHÓLF .....	13
LISTI YFIR INNKOMANDI SÍMTÖL .....	14
HLUSTA Á SKILABOÐ Í TALHÓLF .....	14
SKIPT UM HRINGITÓN .....	15
SÍMAFUNDUR .....	16
HRINGT Í NÚMER ÁN INNSLÁTTAR .....	17
ÝMSAR AÐRAR STILLINGAR .....	18

## Formáli

Hér á eftir fylgja leiðbeiningar á íslensku fyrir helstu aðgerðir í Swyx It! tölvusímanum sem fylgir IP símkerfum frá Swyx.

Þeir sem ná að tileinka sér þann fjölda aðgerða sem tölvusíminn býður upp á munu ekki vilja snúa aftur í „gamla góða“ símtækið. Við fyrstu skoðun getur fjöldi þeirra aðgerða og hnappa sem í boði er hrætt fólk frá, en í raun er allur umgangur um kerfið mjög einfaldur, þar sem hann byggist á þeirri grunnhugsun sem við þekkjum úr Microsoft Windows-umhverfinu.

Einfaldur músar-smellur á hnapp virkjar þá aðgerð sem hnappurinn stendur fyrir. Með því að hægri smella á sama hnapp eru í flestu tilfellum dýpri aðgerðir í boði.

**Dæmi:** Flestir þekkja endurvals hnappinn, þar sem hringt er í sama númer og síðast. Þetta er gert með því að smella einu sinni á hefðbundinn hátt á þann hnapp. Hinsvegar ef hægri smellt er á sama hnapp kemur upp listi með síðustu t.d 30 símanúmerum sem hringt hefur verið í. Hægt er að stilla fjöldann af í sömu valmynd.



Ef þessar leiðbeiningar duga ekki er innbyggð hjálp á ensku fyrir allar aðgerðir í tölvusímanum. Hægt er að kalla fram hjálpina með því að ýta á F1 hnappinn á lyklaborðinu. Ef þú ert staddur / stödd í sérstökum glugga kemur sérstök hjálp fyrir þá aðgerð. Ef þú ert staddur / stödd í aðalglugga tölvusímans kemur öll hjálpin upp þar sem hægt er að leita eftir einstökum atriðum.

Það er von okkar hjá Svar tækni að þessi leiðbeiningabæklingur aðstoði þig við að taka þátt í þeirri byltingu sem Swyx IP símkerfið á að hafa í för með sér, sé það notað rétt.

Ef einhverjar frekari spurningar vakna er hægt að senda tölvupóst á [swyx-adstod@svar.is](mailto:swyx-adstod@svar.is) og við reynum að hjálpa eftir fremsta megni.

Athugið þó að fyrir flóknari spurningar verður að kalla til tæknimann sem leitt getur til reikningshæfrar aðstoðar.


**ATHUGIÐ:** Við gerð þessara leiðbeininga var notast við algenga útgáfu af viðmóti (e. Skin). Ef þú notast við aðra útgáfu getur verið að hnappar séu staðsettir annars staðar eða líti jafnvel aðeins öðruvísi út.

## Algengar aðgerðir

### Að hringja út

Nokkrar leiðir eru til að hringja út úr Swyx tölvusímanum.

Einfaldast er að velja hvíta gluggann efst vinstra megin og slá þar inn það símanúmer sem hringja á í – að því loknu er ýtt á enter, eða smeltt með músinni á rauða hnappinn í miðjunni.



Einnig er hægt að smella á flýttival (nafn) og hringja þannig beint í viðkomandi.

Til að ljúka símtali þarf að ýta með músinni á rauða hnappinn í miðjunni (sem er grænn þegar símtal er í gangi).

### ***Snjallræði!***

Á síðu 16 er farið yfir þægilega leið til að hringja í númer sem þú hefur á skjánum án þess að slá það inn sérstaklega.


## Að taka á móti símtali

Þegar hringt er í þig á síminn að hringja, einnig blikkar línuhnappur og blaðra neðst hægra megin birtist með upplýsingum um þann sem hringir.

Ef viðkomandi er í símaskránni þinni, eða flýttivali, birtist það nafn við símanúmer innhringjandans.

Til að svara símtalinu er hægt að (1) smella á línuhnappinn sem blikkar, (2) ýta á rauða hnappinn í miðjunni eða (3) smella á blöðruna sem birtist neðst hægra megin.

Til þess að leggja á er ýtt á rauða hnappinn (sem þá er grænn) í miðjunni.




Þeir sem hafa þráðlaust höfuðtöl geta svarað og skellt á með því að þrýsta á stóra hnappinn á höfuðtólinu.

## Flýttíval

Auðvelt er að setja tengilið inn í flýttíval.

Fyrst er auður flýttívalshnappur valinn (t.d. “Speed dial 47”) og hægri smellt á hann.

Þá kemur upp val listi með „Properties” neðst. Veldu Properties.



Þegar Properties hefur verið valið kemur upp stilligluggi (sjá mynd vinstra megin). Þar er númer þess sem flýttívalið vísar á sett inn í „Number / URI” reitinn og nafn viðkomandi sett í „Label” reitinn. Breytingarnar eru vistaðar með því að smella á OK.

ATH: Munið að setja 0 eða 9 á undan símanúmeri til að fá línu út úr húsi, eins og þegar hringt er út á hefðbundin hátt.

Á svipaðan hátt er hægt að breyta flýttívísunum sem vísa á vefsíður, sjá hjálparbox hér fyrir ofan.


Eins er hægt að færa flýttíval á milli staðsetninga með „Drag and Drop” aðferðinni.

## Símaskrá

Innbyggð símaskrá er í Swyx tölvusímanum þar sem hægt er að geyma bæði global (almenna) símaskrá fyrirtækisins sem og persónulega símaskrá hvers notenda.

Til þess að opna símaskrána er smellt á þar til gerðan hnapp (sjá mynd). Einnig er hægt að halda CTRL og P tökkunum á lyklaborðinu inni samtímis.

Þegar símaskráin hefur opnast er hægt að velja á milli áður nefndra Global og Personal símaskráar. Til þess að bæta við tengilið í símaskrána er Add hnappurinn valinn. Þá birtist þriðji glugginn (sjá mynd) þar sem hægt er að slá inn nafn, númer og stutta lýsingu (ekki nauðsynlegt). Til þess að vista breytingarnar er farið í Add og síðan Close.



## Endurval

Mjög þægilegt er að nota endurvals hnappinn til að hringja í síðasta númer sem hringt var í, en einnig er hægt að fá lista yfir 10 síðustu númer sem hringt hefur verið í.

Sjá leiðbeiningar hér neðst á síðunni um hvernig hægt er að lengja listann.

Til að hringja beint í síðasta númer er einfaldlega smellt á Endurvals hnappinn (sjá mynd). Til að fá upp lista síðustu númera er hægt að smella á sama takka, þá birtist listinn og hægt að velja símanúmer þaðan.

**Endurvals-hnappurinn**

Lengri listi, fenginn fram með því að hægri-smella á endurvalshnapp

Með því að smella á Properties er hægt að stilla hversu langur listinn er ásamt fleiri möguleikum.

05106000, Aðalnumer  
6007, Solveig  
05050300  
05505807, Hendrik Sigurðsson  
05850800  
05812345  
05106052, Runar  
08646058, Sölvi Zetor  
05157571  
06951830  
+3548406907, Jörgensen, Guðrún

Redial List... Ctrl+R  
Automatic Redial...  
Cancel Automatic Redial


Help  
Properties

## Flytja símtal

Nokkrar leiðir eru til að flytja símtal.

Þegar símtal er í gangi er einfaldast að draga viðkomandi línunapp (þann sem er virkur) yfir á þann tengilið sem á að taka vð símtalinu. Þetta er gert með því að halda inni músarhnappnum yfir línunappnum, draga og sleppa svo yfir viðkomandi tengilið.

Einnig er hægt að hægri smella á virka línunappinn, þá kemur upp val listi þar sem hægt er að velja „Transfer to Number / URI”. Sé það valið birtist lítill gluggi þar sem hægt er að slá inn hvaða símanúmer sem er, og flytja samtalið þangað.




Aðferðin hér að ofan er svokölluð „ókyntur flutningur”, þ.e starfsmaður sem gefur símtalið kynnr þeim sem tekur við því ekki það símtal sem verið er að flytja.

Hægt er að flytja símtalið með kynningu á milli. Í staðinn fyrir að draga nafn viðkomandi eða slá inn númerið, eins og gert var hér fyrir ofan, er hringt beint í þann sem á að fá símtalið. Við þetta fer upphaflega símtalið á bið. Þegar búið er að kynna símtalið fyrir þeim sem taka á við því er einfaldlega ýtt á „Call Transfer” hnappinn og við það tengist upphaflega símtalið við það nýja og fer frá þér.

## Viðmóti breytt

Grunn viðmót Swyx tölvusímans má sjá hér fyrir neðan. Einfalt er að breyta um viðmót, en það fer eftir stillingum kerfisstjóra úr hve mörgum útlitum hægt er að velja.


Til að breyta útliti er hægt að smella á autt pláss (gráan lit), þar er valið „File”, því næst „Skin” og þar „Load” en þar er vallisti með þeim útlitum sem í boði eru.



Þegar búið er að velja nýtt útlit er smella á OK hnappinn – örfáar sekundur getur tekið fyrir nýtt útlit að koma inn.

## Upptaka símtala


Einfalt er að taka upp einstök símtöl með Swyx tölvusímanum. Þegar símtal er í gangi er smellt á þar til gerðan upptöku hnapp. Þá heyrir viðmælandinn lágt bíp-hljóð sem gefur upptökuna til kynna. Til að stoppa upptöku er ýtt aftur á sama hnapp. (sjá mynd)



Til að vinna með fyrri upptökur er hægr smellt á upptökuhnappinn og „Recorded Conversations” valið.

Þá birtist gluggi með lista yfir upptökur, hvenær þær voru teknar, hvaða símanúmer var hringt í osfrv. Þar er einnig hægt er að spila upptökuna og eyða út úr upptökusögunni. (sjá mynd)

Hér eru valmöguleikar á að spila upptökuna eða hreinsa listann.



## **Símtal sett á bið**

Einfalt er að setja símtal á bið. Þegar símtal er í gangi er einfaldlega smellt á þar til gerðan hnapp, „Hold”. Hnappurinn blikkar á meðan símtalið er á bið. Til að taka símtalið af bið er smellt aftur á sama hnap.

## **Símtal veitt / pikkað upp**

Þegar símtal er gefið á einstakling í þinni deild getur þú „veitt”, tekið við, símtalinu fram hjá þeim aðila, t.d ef hann er ekki við. Þegar þessi staða kemur upp blikkar „Pick Up” hnappurinn og blaðran neðst hægra megin birtist. Til þess að veiða símtalið er einfaldlega smellt á Pick Up hnappinn, og símtalið er komið til þín. Einnig er hægt að smella á bóluna til að svara.

## **Áframsenda öll símtöl á vinnufélaga**

Hægt er að áframsenda öll símtöl sem beint er til þín í annað númer, t.d til vinnufélaga. Þetta getur verið þægilegt ef þú ferð fyrr einn daginn en vilt ekki missa af símtölum frá viðskiptavinum. Eins ef þú færir vinnuáðstöðuna tímabundið til vinnufélaga.

Til að virkja áframsendinguna er flýttival kollega dregið og sleppt yfir Forwarding hnappnum, svipað og gert er þegar símtal er gefið á kollega, en í þessu tilfalli er flýttivalið dregið á Forwarding hnappinn.

Til að taka áframsendinguna af er smellt einu sinni á Forwarding hnappinn.

## **Áframsenda öll símtöl í talhólf**

Önnur útgáfa af aðferðinni hér fyrir ofan er að áframsenda öll símtöl beint í talhólf.

Þetta er gert með því að smella einu sinni á Forwarding hnappinn.

Til að taka áframsendinguna af er smellt einu sinni á Forwarding hnappinn.



## Uppsetning á talhólfi

Mjög fullkomið talhólf kemur með Swyx IP símkerfinu. Til að stilla talhólfið er einfaldast að hægri smella á Forwarding hnappinn og velja „Properties”

Þá birtist valmynd með fjölda möguleika, helstu stillingar eru undir flípanum „Standard Voicemail” þar sem hægt er að lesa inn kveðju þar sem þú biður viðkomandi um að skilja eftir skilaboð. Einnig er hægt að stilla hvert skilaboð eru send. Undir öðrum flípum er síðan hægt að stilla flóknari útfærslur. Sjá hér fyrir neðan.


**Standard Voicemail:**  
Hér er hægt að lesa inn nýja kveðju og stilla hvert skilaboð berast.

**Call Forwarding Busy:**  
Hér er hægt að láta áframsenda símtöl í talhólf eða á ákveðið númer ef númerið þitt er á tali

**Paralell Calls:**  
Hér er hægt að virkja tvíhliða hringingar, þ.e að um leið og hringt er í skrifstofusímann þinn gæti t.d GSM síminn hringt einnig.

## Listi yfir innkomandi símtöl

Einfalt er að skoða lista yfir síðustu innkomandi símtöl. Smellt er á þar til gerðan hnapp (sjá mynd) til að fá upp lista með símtölunum. Hnappurinn blikkar þegar listinn hefur verið uppfærður frá síðustu skoðun.



## Hlusta á skilaboð í talhólf

Öll skilaboð í talhólf berast sem viðhengi í pósthólf tölvupósthugbúnaðarins, hvort sem það er Outlook eða Lotus Notes. Þegar þar til gerður hnappur (sjá mynd) blikkar hefur nýtt skilaboð borist. Til að fá það upp er smellt á hnappinn.



## Skipt um hringitón

Hægt er að velja úr fjölda hringitóna í Swyx tölvusímanum. Einnig er hægt að setja upp sérstaka hringingu fyrir ákveðin símanúmer, þ.e þegar hringt er í þig frá ákveðnu númeri þá spilast sérstök hringing.

Til að fá upp User Profile stillingar gluggann þarf að hægri smella á auðann reit og velja Settings -> User Profile. (Í sumum útlits-viðmótum er Settings flipinn alltaf sjáanlegur efst í rammanum). Þá birtist myndin hér fyrir neðan.

**1.** Veljið hvort eigi að breyta hringitón fyrir innan- eða utanhúss

**2.** Veljið því næst „Edit” til að breyta hringitóninum


**3.** Þá birtist þessi gluggi. Hér er hægt að velja nýja hringitóna undir Ringing Sound.

Til að setja inn persónulegar hringingar er valið „Add” í upphafs-glugganum og þá birtist þessi gluggi hér til hægri. Þar er hægt að velja ákveðið símanúmer, og velja sérstaka hringingu fyrir það númer.

## Símafundur

Einfalt er að setja á fót símafund með ótakmörkuðum fjölda þáttakenda. Byrjað er á því að hringja í þáttakanda #1. Því næst er önnur lína valin og hringt í næsta þáttakanda, sjálfkrafa fer fyrri þáttakandinn á bið á meðan náð er sambandi við seinni aðilann. Þegar samband er komið á við báða er smellt á Conference hnappinn og tengjast þá báðir þáttakendurnir, auk þín, saman á eina línu.

Hægt er að bæta ótakmarkað við þáttakendum með því að velja lausu línuna, hringja í viðkomandi og smella á Conference.



Símafundinum er lokið á sama hátt og öðrum símtölum, með því að smella á græna hnappinn í miðjunni.

Einnig er hægt að setja upp sérstakt fundarnúmer sem allir þátttakendur hringja í og slá inn öryggisnúmer (PIN). Hafið samband við kerfisstjóra fyrir nánari upplýsingar.

## Hringt í númer án innsláttar


Mikið er um fyrirferðalítlar en þægilegar aðgerðir í Swyx It! tölvusímanum. Ein þeirra er sú að hægt er að velja hvaða númer sem fyrirfinnst í Windows (highlight) og smella á F11, þá hringir síminn sjálfkrafa í númerið. Sjá dæmi hér fyrir neðan.

Hvar sem þú sérð símanúmer, hvort sem er á netinu eða annars staðar, er hægt að hringja beint í það með því að velja það með músinni og ýta á F11

Ef F11 hnappurinn hentar ekki þarf að virkja hnappinn sérstaklega með því að gera eftirfarandi:  
 Hægri smella á auðan reit og velja **Settings > User Profile > Keyboard**  
 Í valglugganum „**Command**” er skipunin „**Dial Selected Number / URI**” valin.  
 Til að festa nýjan flýtitakka á þessa skipun er smellt einusinni í auða reitinn fyrir aftan „**New Hotkey**” og síðan ýtt á þann flýtihnapp sem nota á í framtíðinni fyrir sjálfvirku úthringinuna. **Því næst er ýtt á Assign til að festa valið.**

## Ýmsar aðrar stillingar

Með því að hægri smella á auðan reit og velja **Settings > User Profile** er hægt að fínstilla mörg atriði í Swyx It tölvusímanum. Mikið er um undir valmyndir sem við hvetjum þig til að skoða, en megin atriðin er að fá undir fyrstu valmynd, sjá hér fyrir neðan ásamt útskýringum:



**1:** Velja hvort símanúmerið þitt birtist þegar hringt er út  
**2:** Slökkva á möguleikanum á að taka við símtali þó svo þú sért í símanum (símtal á bið)

**1:** Kveikja / slökkva á application sharing  
**2:** Viltu fá tilkynningu um símtal neðst á skjáinn?  
**3:** Á Swyx tölvusíminn alltaf að vera efstur?  
**4:** Á Swyx tölvusíminn að birtast upp þegar hann hringir  
**5:** Á Swyx tölvusíminn að birtast þegar þú tekur símtal  
**6:** Á Swyx tölvusíminn að hverfa að símtali loknu  
**7:** Hvert á Swyx tölvusíminn að hverfa þegar honum er skotið niður?